

Vísindasjóður Visku

Ársreikningur
2025

Vísindasjóður Visku
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Kt. 621190-2029

Vísindasjóður Visku

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vísindasjóðs Visku

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vísindasjóðs Visku fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2025 og afkomu hans á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn ber ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík 15. apríl 2026.

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Vísindasjóðs Visku er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Vísindasjóður Visku var upphaflega stofnaður undir heitinu Vísindasjóður Útgarðs með gerð kjarasamninga 1989 og er tilgangur sjóðsins að stuðla að auknum rannsóknum, þróunarstarfi og endurmenntun félagsfólks en aðild að sjóðnum á félagsfólk Visku sem greitt er fyrir í sjóðinn. Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, líkt og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi Vísindasjóðs Visku námu tekjur umfram gjöld á árinu 2025 kr. 13.379.383. Hrein eign sjóðsins í árslok var jákvæð um kr. 296.837.635.

Stjórn Vísindasjóðs Visku samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. apríl 2026.

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 15. apríl 2026 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
Stjórnarformaður

Eðvald Einar Stefánsson

Eydís Inga Valsdóttir

Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar

Sigrún Einarsdóttir

Steindór Gunnar Steindórsson

Sveinn Ólafsson

Georg Brynjarsson
Framkvæmdastjóri Visku

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Iðgjöld		257.392.464	236.294.918
Veittir styrkir		(253.684.962)	(194.953.966)
Annar rekstrarkostnaður		(456.870)	(436.684)
		<hr/>	<hr/>
		(254.141.832)	(195.390.650)
Rekstrarafkoma fyrir fjármunaliði		3.250.632	40.904.268
Fjármunatekjur		471.525	856.631
Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfaeign		13.243.043	14.199.125
Fjármagnstekjuskattur		(3.585.817)	(3.496.920)
		<hr/>	<hr/>
		10.128.751	11.558.836
Tekjur umfram gjöld		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
		13.379.383	52.463.104

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld		28.560.068	31.745.801
Verðbréfaeign	3	254.971.233	267.915.083
Handbært fé		13.402.003	8.877.341
Eignir		<u>296.933.304</u>	<u>308.538.225</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs		308.458.252	280.995.148
Framlag til félagssjóðs Visku - stéttarfélags		(25.000.000)	(25.000.000)
Afkoma ársins		13.379.383	52.463.104
Eigið fé		<u>296.837.635</u>	<u>308.458.252</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		95.669	79.973
Skuldir		<u>95.669</u>	<u>79.973</u>
Eigið fé og skuldir		<u>296.933.304</u>	<u>308.538.225</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vísindasjóður Visku er vísindasjóður á vegum Visku - stéttarfélags með kennitölu 621190-2029

Lögheimili sjóðsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Engir fastir starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum á árinu. Þóknun til stjórnarmanna fyrir stjórnarstörf er greidd af Visku - stéttarfélagi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan að verðbréfaeign er færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Innlausn tekna

Iðgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Styrkir

Styrkir eru gjaldfærðir við greiðslu.

3. Verðbréfaeign

	2005	2024
Skuldabréf	258.039.967	269.557.802
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	(3.068.734)	(1.642.719)
	<u>254.971.233</u>	<u>267.915.083</u>